um frv. til laga um lyfjaframleiðslu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Í grg. með frv. þessu er engar upplýsingar að finna um þann kostnað, sem til verður stofnað við framkvæmd ákvæða frv., ef að lögum verður. Af þeirri ástæðu einni ættu þeir, sem ferðinni ráða, að fresta málinu, þar til kostnaðaráætlun liggur fyrir. Umræður embættismanna við einkaaðila um stofnun einokunarkompanís um lyfjaframleiðslu munu langt á veg komnar, og ættu þeir því að geta gert hinu háa Alþingi lauslega grein fyrir kostnaði.

Að áliti undirritaðra ber hinu opinbera fyrst og fremst að beita sér fyrir, að sjúkrahús, sem á vegum þess eru rekin, og læknar, sem hjá því starfa, fái sem best og ódýrust lyf. Alls almennings vegna ber hinu opinbera enn fremur að hafa eftirlit með því, að svo hagi til um alla lyfjaframleiðslu. Að áliti þeirra, sem best til þekkja, er að finna í lögum nægjanlega skýr og skilmerkileg ákvæði um eftirlit með lyfjaframleiðslu, þeim hafi hins vegar verið framfylgt slælega. Það er því með öllu óþarft að setja ný lög um það efni, heldur snúa sér að rösklegri framkvæmd þeirra laga, sem fyrir eru.

Lyfjaverslun ríkisins hefur að undanförnu framleitt 57% af heildarframleiðslu lyfja. Hún á enda beinan aðgang að langstærsta markaði í landinu, þar sem eru sjúkrahús rekin af ríkinu og læknar í þjónustu þess. Þegar nú ríkið heitbinst apótekurum með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í II. kafla frv., þá afhendir það þeim selskap þann markað á silfurdiski.

Gert er að vísu ráð fyrir, að ríkið eigi 50% í fyrirtækinu, en augljóst má vera, að þar munu apótekarar verða allsráðandi, þar sem þeir stjórna sjálfir allri sölu og dreifingu. Í Svíþjóð eignaðist ríkið ⅔ hluta í slíku kompanii, en apótekarar ⅓. Þessi mikla meirihlutaeign ríkisins nægði þó ekki til að forða frá verulegri hækkun lyfjaverðs.

Að okkar áliti getur hið opinbera best gegnt skyldum sínum í þessum efnum, að það efli til muna eigin lyfjaframleiðslu. Því er einnig hollt, að öflugir einkaaðilar nái vopnum sínum í lyfjaframleiðslu.

Með frv. þessu er hins vegar verið að leggja drög að einokun á þessu sviði, með afleiðingum, sem aldrei geta orðið nema til óþurftar. Fyrir því leggjum við til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 17. apríl 1974.

Sverrir Hermannsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.